— *Brjef* landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík um* endurgjald á brennivínstolli. — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland rannsóknargjörðir herra bæjarfógetans frá 29. nóvbr. og 1. desbr. f. á, um leka á 374 pottum brennivíns úr 7 ámum, er kaupmaður E. Siemsen í Reykjavík hafði meðtekið með póstskipinu í síðustu ferð þess í fyrra — hefir ráðgjafinn 13. f. m. samþykkt, að nefndum kaupmanni verði endurgoldinn tollur sá, sem hann hefir greitt fyrir tjeð brennivín, með 62 kr. 33 aur. **63** 13. júní.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* stjórn læknasjóðsins. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 26. f. m. samkvæmt tillögum mínum samþykkt, að stjórn á eigum hins íslenzka læknasjóðs leggist undir landshöfðingja, að tekjurnar af spítalagjaldi því, er sjóðnum ber og af jörðum hans verði af hlutaðeigandi gjaldheimtumönnum greiddar beinlínis í jarðabókarsjóðinn — en reikningana skal senda landshöfðingja til að afhendast hlutaðeigandi endurskoðunarmanni, og að gjöld þau, er hvíla á sjóðnum, greiðist beinlínis úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt nánari skipun landshöfðingja; og öðlast breytingar þessar gildi 1. júlí þ. á. **64** 14. júní.

Jafnframt því að tilkynna þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að stiptsyfirvöldin hlutist til um, að fjármunir læknasjóðsins verði afhentir mjer næstkomandi 1. júlí með reikningslegu yfirliti yfir tekjur og gjöld sjóðsins frá því að síðasti ársreikningur var gjörður, og tjái öllum gjaldheimtumönnum nauðsynlegar fyrirskipanir um að senda eptirleiðis landshöfðingja reikninga sína og að greiða gjöldin beinlínis í jarðabókarsjóðinn. Loksins vona jeg, að öllum skuldunautum sjóðsins verði tilkynnt, að þeir eigi eptirleiðis að greiða í jarðabókarsjóðinn bæði vexti og borgun upp í höfuðstól.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk handa stúdentum við háskólann í Kaupmannahöfn. Eptir að ráðgjafinn fyrir kirkju og kennslumál ríkisins og ráðgjafinn fyrir Ísland höfðu skrifazt á um það, var meðal athugasemdanna við 1. útgjaldagrein »kommunitetsins» í frumvarpinu til fjárlaga fyrir 1876—77 gjörð tillaga um, að leyft verði að verja þeim 800 kr., er veittar eru stúdentum, sem hafa forgangsrjett til styrks, en eru umfram hina vanalegu tölu, (sbr. 2. gr. reglugjörðar 11. febr. 1848), þannig, að upphæð þessi yrði höfð í ölmusur, einnig handa íslenzkum stúdentum, er 1. töluliður 4. gr. reglugjörðarinnar yrði eigi heimfærður til, en samt væri sjerstök ástæða til að veita slíkan styrk, (og getur nefndur greinarliður að eins um stúdenta þá, sem koma til háskólans, undir eins og þeir hafa leyst af hendi burtfararpróf við hinn lærða skóla Reykjavíkur). Þetta mun eptir því, er ráðgjafinn fyrir kirkju og kennslustjórnina hefir skýrt frá, nú geta átt sjer stað, þar sem ekki hefir verið fundið neitt að þessum athugasemdum, þá er fjárlögin voru rædd á ríkisþinginu. **65** 14. júní

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna þetta samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 27. f. m. til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að stiptsyfirvöldin leggi fyrir forstöðumann hins lærða skóla í Reykjavík, að tjá á hverju ári lærisveinum þeim, er leyst hafa af hendi burtfararpróf, að, eins og bent var á, forgangsrjettur sá, sem veittur er hinum íslenzku stúdentum með 1. lið 4. gr. reglugjörðarinnar